

Alþingi
Erindi nr. P 137/767

komudagur 14.9.2009

CONSUMERS ASSOCIATION OF ICELAND
ASSOCIATE MEMBER OF IC, BEUC and ICRT



NEYTENDASAMTÖKIN

HVERFISGÖTU 105
101 REYKJAVÍK

SÍMI 545 1200
FAX 545 1212
Netfang ns@ns.is
www.ns.is

Nefndasvið Alþingis
Sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd
Austurstræti 8 – 10.
150 Reykjavík


Reykjavík, 10. september 2009.

Athugasemdir við frumvarp til laga um breytingar á ýmsum lögum vegna endurskoðunar á undanþágum frá 1. kafla 1. viðauka við EES-samninginn og innleiðingar á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 178/2002 frá 28. janúar 2002 auk afleiddra gerða, 147. mál.

Neytendasamtökin telja brýnt, og í samræmi við stefnu og áherslur í Evrópurétti að innflutningur matvæla sé sem frjálástur, enda leiði slíkt til aukinnar samkeppni sem er til hagsbóta fyrir neytendur. Þá verður ekki séð, enda markmið reglugerðarinnar ekki síður að auka matvælaöryggi, að frjáls innflutningur feli í sér sérstaka hættu á heilsutjóni. Enn fremur hefðu neytendur þá val um að kaupa fremur íslenskar en erlendar vörur. Því hvetja samtökin til þess að heimild ráðherra til að fresta innleiðingu efnisákvæða er varða kjöt, mjólk og egg, en sú heimild kemur fram í 30. gr. frumvarpsins, verði felld burt.

Að öðru leyti er það skoðun Neytendasamtakanna að þær breytingar sem hér er lagt til gerðar verði á löggjöf um matvæli, matvælaeftirlit og fleira séu til bóta miðað við gildandi lög. Samtökin mæla því með samþykkt þessa frumvarps.

Virðingarfyllst,
f.h. Neytendasamtakanna,


Hildigunnur Hafsteinsdóttir